

Efni: Umsögn um drög að reglugerð um sjálfbæra landnýtingu.

Fjallskilanevnd Biskupstungna vísar til ofangreindra reglugerðadraga sem birt voru á samráðsgátt stjórnvalda 24. September sl. Fjallskilanevnd Biskupstungna vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum.

Óheppilegt er að blanda saman reglum og leiðbeiningum eins og gert er í þessum reglugerðardrögum. Þetta gerir reglugerðina mjög óljósa á köflum.

Í 3. gr. er landhnignun skilgreint sem minnkun á framleiðni eða fjölbreytileika, eingöngu vegna stýrðar landnotkunar. Hvergi kemur fram í reglugerðinni hvernig sýnt skulu fram á að breytingar séu vegna landnotkunar og almennur skilningur á orðinu landhnignun nær til rýrnunar landgæða óháð ástæðu rýrnunarinnar.

Í viðauka I 1. gr. 1 tl.c lið segir að land skuli ekki vera í hnignuðu ástandi miðað við „vistgetu“.

Þetta er fráleit nálgun á viðfangsefninu þar sem horft er framhjá þeirri staðreynd að land er víða í framför að mati staðkunnugra þó það flokkist trúlega undir þessari „vistgetu“ enda fáránlegt að miða við 20 ára tímamörk við eflingu landgæða. Efling landgæða er langtímaverkefni núverandi og komandi kynslóða sem best er unnið í samvinnu og sátt við beitarréttarhafa.

Þarna ætti mikið frekar að standa: „að land sé ekki í afturför“ og síðan fjalla um það hve mikið af landi skal vera í framför til að vega upp það land sem kann að vera í afturför. Einnig verður að gera kröfu um að sýnt sé fram á að beitarfriðun stöðvi eða dragi verulega úr hnignun viðkomandi lands.

Reglugerðadrögin sem liggja nú fyrir til umsagnar gera ráð fyrir að meta sjálfbærni einvörðungu út frá ástandi lands miðað við vistgetu landsins. Upplýsingar um vistgetu liggja ekki fyrir. Það er því í raun ógerningur að átta sig á hver áhrif reglugerðarinnar eru nákvæmlega fyrir nýtingu bænda.

Ámælisvert verður að teljast að setja fram reglugerð með útreikningum, byggða á illa skilgreindum hugtökum, án þess að birta um leið niðurstöður útreikninga byggða á aðferðafræðinni.

Í þessari reglugerð er ekki að sjá að nokkur tilraun sé gerð til að taka beitarnýtinguna inni mat á sjálfbærri landnotkun. Það er vandséð að hægt sé að meta hvort að land sé nýtt á sjálfbæran hátt eða ekki án þess að taka inni útreikninga beitarþol landsins og þá jafnframt hver raunveruleg áhrif beitarinnar eru á hverju beitarsvæði fyrir sig.

Í viðauka um jarðrækt er dreifing á tilbúnum áburði bönnuð á öllu landi innan við 5-10m frá vatni ekki er hægt að átta sig á hvar 5 metrar eru reglan og hvar 10 metrar, eða eru 10 metranir bara tilmæli?

Einnig vantar skilgreiningu á vatni, er t.d. framræsluskurðir með vatnsrennsli vatn í skilningi þessarar reglugerðar (þá er í raun verið að leggja niður stóran hluta landbúnaðar á Íslandi).

Bændur í Biskupstungum hafa lagt á sig mikla vinnu við uppgræðslustörf í þeirri vissu að hægt sé að færa gróðurfar afréttains til betri vegar. Fjallskilanevnd Biskupstungna leyfir sér að fullyrða að sú hóflega nýting bænda sem er á afréttinum, ásamt landbótastarfi þeirra skilar afréttinum hraðari gróðurframvindu en ef afréttinum væri lokað fyrir beit.

Einnig er rétt að benda á að það er ekki góð stjórnsýsla að hafa eina og sömu stofnunina hringinn í kringum borðið í öllu ferlinu, lagasetningu, framkvæmd og eftirliti.